

Colas Ísland ehf.  
Bikstöð Hafnafjörður

20. júlí 2026, Reykjavík  
UOS-3446

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 1. júlí 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland ehf., bikstöð í Hafnafirði þann 9. júní 2026. Þann 7. júlí 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

| Frávik frá:                                                                        | Lýsing og staða fráviks:                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Staða á fráviki: |
|------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
| gr. 3.8 í starfsleyfi                                                              | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br>Lyktarmengun berst frá stöðinni.<br>Rekstraraðili skal sjá til þess að lyktarsterkt hráefni sé ekki geymt í stöðinni.                                                                                                                                                            | Opið             |
| Tillögur rekstraraðila:                                                            | <b>Rekstraraðili hefur hafist handa við hönnun á nýjum mengunarvarnarbúnaði. Upplýsingar um stöðu mála verða sendar á 2-3 mánaða fresti til Umhverfis- og orkustofnunar. Hönnun á mengunarvarnarbúnaði verður lokið 30. október 2026 og uppsetning á mengunarvarnarbúnaði verður lokið 30. júní 2027.</b>            |                  |
| 4. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br>Olíuskilja rekstraraðila er að nafnstærð 9,4 l/s. Samkvæmt útreikningi miðað við forsendur rekstraraðila ætti skiljan að lágmarki að vera að nafnstærð 18,2 l/s.<br>Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar, | Opið             |
| Tillögur rekstraraðila:                                                            | <b>Athugun og eftir atvikum hönnun á nýrri olíuskilju verður lokið 30. október 2026. Nýrri olíuskilju (ef núverandi skilja er of lítil) verður komið fyrir 30. júní 2027.</b>                                                                                                                                        |                  |
| 2. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br>Olíuskiljur eru ekki búnir viðvörunarbúnaði.<br>Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar,                                                                                                                     | Opið             |
| Tillögur rekstraraðila:                                                            | <b>Viðvörunarbúnaður verður kominn á nýju skiljurnar þann 1. október 2026. Ef litlu olíuskiljunni verður skipt út verður settur viðvörunarbúnaður á hana 30. júní 2027.</b>                                                                                                                                          |                  |

|                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |      |
|--------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| gr. 4.2 í starfsleyfi                                                                | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br>Lengra en 5 ár eru frá síðustu þrýstiprófun á löndunarlögnum og niðurgröfnum lögnum í stöðinni. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir                                                                   | Opið |
| Tillögur rekstraraðila:                                                              | <b>Lagnir verða þrýstiprófaðar fyrir 30. september 2026.</b>                                                                                                                                                                                                                                     |      |
| 2. mgr. 43. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br>Á svæðinu er umtalsvert magn af efnum geymdum í bömbum sem eru með ófullnægjandi árekstrarvarnir. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið. | Opið |
| Tillögur rekstraraðila:                                                              | <b>Settar verða upp árekstrarvarnir fyrir 1. september 2026.</b>                                                                                                                                                                                                                                 |      |

## Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

**Kristín Kröyer**

Sérfræðingur í teymi eftirlits

**Sigríður Kristinsdóttir**

Teymisstjóri teymi eftirlits